

 <p>HÁSKÓLI ÍSLANDS</p>	<p style="text-align: center;"><b>VERKLAGSREGLUR</b>  <b>um færslu í starfsheitin</b>  <b>rannsóknaprófessor, rannsóknadósent</b>  <b>eða rannsóknalektor</b></p>	<p>Bls. 1 af 1  Samb. í háskólaráði  3. júní 2021  Málsnr: HÍ21060093  Ábyrgð á framkvæmd og  eftirfylgni: Deildarforsetar  og forsetar fræðasviða</p>
--	---	--

### 1. gr.

Rektor er heimilt að ákveða, að fenginni rökstuddri tillögu viðkomandi deildarforseta og forseta fræðasviðs, að starfsheiti vísindamanns, fræðimanns eða sérfræðings verði rannsóknaprófessor, rannsóknadósent eða rannsóknalektor, sbr. 2. mgr. [28. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#).

Starfsheitin prófessor og vísindamaður eru jafnsett hvað varðar akademísk skilyrði við ráðningu og því ekki um framgang að ræða, heldur breytt starfsheiti. Slík breyting starfsheitis er einungis veitt í sambærilegt starfsheiti og viðkomandi starfsmaður hefur áður gegnt, þ.e. vísindamaður/rannsóknaprófessor, fræðimaður/rannsóknadósent, sérfræðingur/rannsóknalektor.

### 2. gr.

Umsókn um breytt starfsheiti, sbr. 1. gr., skal send forseta fræðasviðs og viðkomandi deildarforseta þeirrar deildar sem umsækjandi mun starfa við verði umsókn samþykkt. Fylgigögn með umsókn eru kennsluferilskrá, feril- og ritaskrá.

### 3. gr.

Til að öðlast starfsheitið rannsóknaprófessor, rannsóknadósent eða rannsóknalektor skal viðkomandi hafa viðamikla reynslu af leiðbeiningu nemenda á meistara- og doktorsstigi og hafa eftir atvikum sinnt kennslu í námskeiðum á undangengnum þremur árum. Um kennslu og reynslu af leiðbeiningu og útskrift nemenda á framhaldsstigi skal við mat umsóknar tekið mið af 7. gr. a og b og tölulið 2 í 8. gr. [reglna nr. 1300/2020](#) undangengin þrjú ár.

### 4. gr.

Ef umsækjandi uppfyllir skilyrði 3. gr. þá geta forseti fræðasviðs og viðkomandi deildarforseti í framhaldinu gert samkomulag við starfsmann um kennsluhlutverk og skal þá að jafnaði við það miðað að það nemi 20% starfsskyldu hið minnsta. Til kennsluhlutverks heyrir kennsla, umsjón með námskeiðum, leiðbeining meistara- og doktorsnema og eftir atvikum hlutfallsleg stjórnunarskylda og þjónustuskylda. Á móti lækkar rannsóknaskyldan sem því nemur.

Fram komi í tillögu forseta fræðasviðs og deildarforseta til rektors að deildarfundur hafi ákveðið að viðkomandi umsækjandi muni taka sæti á deildarfundum og hafi þar atkvæðisrétt, sbr. heimild í 3. mgr. [17. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#), verði tillagan samþykkt.

### 5. gr.

Í tillögu sinni til rektors staðfesta forseti fræðasviðs og deildarforseti þeirrar deildar sem umsækjandi mun starfa við að viðkomandi uppfylli þau skilyrði sem tilgreind eru í 3. gr.

### 6. gr.

Fallist rektor á tillögu forseta fræðasviðs og viðkomandi deildarforseta tekur rektor ákvörðun um breytt starfsheiti. Breytingin gildir frá og með næstu mánaðarmótun eftir að ákvörðun er tekin. Ef umsókn er hafnað skal það rökstutt sérstaklega.

Breytingin á starfsheiti felur ekki í sér breytingu á launum.

### 7. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar með tilvísun í 2. mgr. [28. gr.](#) og 2. mgr. [34. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#) og öðlast þegar gildi.